

Nd.

430. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1925, um útflutningsgjald.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málsgr. 2. gr. laganna („Af hverjum 100 kg. af fisk-úrgangi . . . kr. 3.00 af 100 kg.“) falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþinginu í fyrra var lögum um útflutningstoll af beinum og hausum breytt í því skyni að bæta aðstöðu iðnrekstrar þess hér á landi, sem þetta hráefni notar, það er að segja fiskimjölsverksmiðjanna. Var tollurinn færður úr 10 krónum á smálest upp í 30 kr. Sætti tollhækkun þessi mjög miklum andmælum í þinginu, sem runnin var frá smáútvegs mönnum. En þeir, sem að málinu stóðu og sigur báru úr bítum, héldu því fram, að þessi tollur væri nauðsynlegur til verndar verksmiðjunum, en starfsemi þeirra til gagns fyrir útveginn. En jafnframt staðhæfðu þeir þá líka, að þessi tollur nægði til að tryggja verksmiðjunum hráefnið. Nú hefir reynslan í ár skorið úr um það, að þrátt fyrir þennan gífurlega toll hafa Norðmenn keypt hér mikið af hausum og beinum, og það svo háu verði, að framleiðendur báru úr bítum allt að 20 kr. meira fyrir hverja smálest en innlendu verksmiðjurnar greiddu, og guldu þó 30 kr. toll af hverri smálest. Í þessu felst ljós sönnun þess, að innlendu verksmiðjurnar eru ekki samkeppnisfærar, í hverju sem það liggur, nema útvegs mönnum sé bægt frá að hagnýta sér verðlag, sem er jafnvel yfir 50% hærra en það verð, sem innlendu verksmiðjurnar greiða, en slíkur skattur á þá er alveg augsýnilega svo hár, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði getur ekki komið til greina að krefjast slíkra fórna af þeim, vegna þess að vinningurinn í aðra hönd, það er að segja ávöxtun þess fjár, sem í verksmiðjunum liggur, og sú atvinna, sem starfrækslunni fylgir, jafngilda á engan hátt hinum mikla verðmun, sem hér um ræðir, og stendur því hvergi nærri í réttu hlutfalli við fórnir útvegsmanna.

Af þessum ástæðum þykir rétt að krefjast þess, að tollurinn verði færður niður, og úr því að þannig er ekki lengur um verndartoll að ræða, mælir engin sanngirni með því, að tollur af þessari útflutningsvöru sjávarútvegsins sé hærri en af öðrum þeim sjávarafurðum, sem sæta hinu ahnenna útflutningsgjaldi.